

Árið 2007 hinn 24. október

Adalfundur Oddafélagsins haldin í Safnarheimilinu Kruga í Odda.

Á fundinn voru fjórtán matt.

Fundarstjóri var Drita Hjarturadóttir og setti hún fundinn kl. 16, bauð fundarfólk velkomið og kynnti eftirlarandi dagskrá:

A. Hefsla aðgerðir á árinu. Startsiðttun næsta árs. Greinargerð formanns.

B. Reikningar og félagatal. Greinargerð gjaldkera.

C. Umráður um greinargerð formanns og gjaldkera.

D. Lagabreyting samkræmt fundarbóði.

E. Kosning stjórnar og skófunarmanna.

F. Argjald næsta starfsárs ákveðið.

G. Sæmundarstota.

H. Önnur mál.

A. Formaðurinn Þór Jakobsson greindi frá síðasta adalfundi og síðasta stjórnarfundi.

Hann las ályktun um Landgræfsluskóla Sameinuðu Þjóðanna í Gunnarsholti sem stjórn Oddafélagsins sendi frá sér. Ályktunina má finna í fundargerð frá stjórnartundi 2. maí 2007. Ályktunin var einnig birt í dagblöðum. Í framhaldi las formaður þakkarbréf til félagsins frá Sveini Runólfssyni landgræfslustjóra, þar sem hann sagði að m.a. hefði gengið vel með skólann. Örn Þórðarson sritastjóri Rangárbings ytra hjalladi í framhaldinu um landgræfsluskólann. Hann sagði þá erlendu nemendur sem sótt höfðu skólann og kæmu frá löndum sem væru að hefja störf í landgræfslu fá mikla hratningu af þri að sjá greinilegan drangur á 100 ára sögu Landgræfslunnar og talaði í framhaldi af þri um útklutning vonarinnar með störfum landgræfsluskólans.

• Formaður greindi frá Oddastefnu sem haldin var á Leirubakka 19. maí 2007. Hún þótti heppnast vel og voru um 50 sem hana sóttu.

• Formaður reitaði á útgáfumálum tengdumfélaginu. Netndi hann þar m.a. smáblöðung sem Elsa G. Vilhmundardóttir og Freysteinn Sigurðsson gerðu fyrir einhverjum árum og sóknarprestur Oddakirkju fékk leyfi til að endurprenta, hann liggur í Oddakirkju og hefur verið vel tekið. Í Godusteini 2007 er að finna erindi frá Oddastefnu 2005. Erindi frá Oddastefnu 2007 mun einnig verða birt í Godasteini og er formaður í sambandi við ritstjórn.

Erindi frá Oddastefnu 2006 „Í garði Samundar fróða.“ munu væntanlega koma út á næsta ári í bók sem Gunnar Harðarson og Sverrir Tómasson ritstýra. Er hún gefin út í samvinnu við Heimsspekistofnun Háskóla Íslands og Arnastofnun. Mun í henni að auki birtast grein sem getið er um á sl. stjórnarfundum.

- Lýsti formaður þeirrar skoðunar stjórnarinnar sem og annarra félaga að Oddastefnur varu almennt vei heppnadar og félaginu til söma. Umráða spratt um að nalgast fjármuni til framkvæmda í félaginu og stjórnin hvött til að leita á fund aðfemma í héraði og kynna starfsemi félagsins.

B. • Gjaldkeri las reikninga félagsins. Tekjur sl. starfsárs voru 57.448.- en gjöld 19.689.- Hagnáður ársins var 34.759.- og eru eignir félagsins á bankareikningi 113.976.- Reikningar höfðu verið skoðaðir af Páli G. Björnssyni og ekki gert neina athugasemd.

- Skráðir félagar í félaginu eru 70, 65 girðsedlar voru sendir út og höfðu af þeim 47 árgjöld skilað sér.

C. • Engar umráður voru um reikninga eða greinargerð gjaldkera.

- Tók fundarstjóri til máls og hafði á orði væntamati þess að fá erindi frá Oddastefnum birt í Gofasteini. Í framhaldinu þakkadi formaður velvilðum Gofasteins í garð félagsins.
- Gert var á þessum tímamarki kaffihlé í boði Héraðsnefndar. Eftir kaffihlé bauð fundarstjóri þaus sem best höfðu í höpinum velkomin og hélt áfram fundarstörtum.
- Voru reikningar félagsins bornir upp og samþykktir samhljóða.

D. Formaður kynnti þrjú lagabreytingar sem settar voru fram í aðalfundarboði. Hann rökstuddi tillofu þess efnis að fella niður fulltrúaröf. Opnað var fyrir umráður vegna lagabreytinganna. Lagði Freysteinn Sigurðsson til að lagabreytingarnar yrðu bornar upp allar í einu. Féllst fundurinn á það og voru lagabreytingarnar samþykktar samhljóða.

E. • Fundarstjóri lýsti því yfir að núverandi stjórn gæti öll kost á sér til áframhaldandi setu. Spurt var um mótframbod sem engin voru og var stjórnin endurkjörin með lófatakki.

- Til kosningar skoðunarmanna kom tillaga um Pál G. Björnsson og Órn Þóðarson og voru þeir kjörnir samhljóða.

F. • Gjaldkeri stakk upp á óbreyttu árgjaldi þ.e. 1000 krónur. Var það samþykkt.

G. • Formaður kynnti fundinum að á sl. stjórnarfundum hefði stjórnin samþykkt að vinna að uppbyggingu Samundarstofu hins fróða í Odda. Til viðmiðunar hefði hann brétt

sem Freysteinn Sigurðsson tilaði eftir stjórnarfundinn sem og grein úr Godasteini 2007 eftir Helga Þorláksson og Kristínu Huld Sigurðardóttur. Hann bað Freystein að kynna hugmyndir sínar. Freysteinn lagði áherslu á mikilvagi þess að í upphafi væru markmið, tilgangur og hlutverk slíkrar stofnunar skýr. Ekki síður fyrir hvern hún væri ætluð, hvern starfsemi hennar og rekstur ætti að vera. Þá þyrfti að velja staðsetningu, hvernig ganga ætti að stofnun hennar sem og hvernig og hvernig skyldi standa að rekstrinum. Hann talaði um hugmynd nokkurs konar gestastofu rannsóknar og miðstöðvar í Oddafræðum. Hann tiundaði hvað myndi rúmast innan Oddafræða. Lagði til að stjórnin ynni að þessum hugmyndum. Fundarstjóri þakkaði Freysteini hugmyndir sínar.

• Formaður bað Helga Þorláksson að taka til máls og segja frá hugmyndum sínum. Helgi vitnaði til Reykholtstaðar og þeirrar uppbyggingar sem þar hefði átt sér stað á sl. 10 árum. Það verkefni höfst ekki hvað síst með fornleifarannsóknum. Með þri. að bera saman Odda og Reykholt varpaði hann þeirri spurningu fram hvort fornleitauppgröfturnar í Odda gæti orðið upphafið af frekari áhuga og uppbyggingu. M.a. mátti benda á gömlu tráfirnar, kanna hellana og þá gamla nauðhellinn. Sömuleiðis mátti gera uppdrátt af gömlu hjáleigunum. Skoða mátti samstarf í stíl við Reykholtverkefnið, tengja saman ýmis fræðasnið. Hann benti á að til væru ýmsar heimildir um Oddastað og þá er varða rekstur hans sem nýra mátti. Jafnvel mátti taka saman bók með upplýsingum um hvað gert hefði verið í Odda.

• Fundarstjóri benti á að kominn væri tími á að Suðurland fengi sinn skert að framlagi til fornleifarannsókna. Það hylti undir að ráðinn yrði minjarörður á Suðurland.

• Jón Þórðarson spurði Freystein nánar út í hugmyndir hans, sem hann svaraði. Kom Jón þeirri skoðun sinni á framfæri að hann teldi heppilegast að byggja sem fyrst stóra héraðskirkju í Odda.

• Örn lýsti yfir áhuga sínum á verkefnum félagsins og hugmyndum. Hann benti á leiðir til þess að koma verkefnum á fram. Vitnaði til vaxtarsamnings Suðurlands þar sem efla á menningartengda ferðapjónustu, þá myndi um leið sveitastjórnin axla einhverja ábyrgð og hennar háttur að gera staðinn meira sýnilegan ferðamönnum. Hann tók undir orð fundarstjóra að komið væri að suðurlandi við fornleifarannsóknir. Í vaxtarsamningnum kveður einnig á um að efla rannsóknir og fræði og benti hann á hið nýstofnaða Háskólatelag Suðurlands.

þar varu fradimenn sem slutt gælu starfsemi Sæmundarstofu. Hann taldi því mikilf gott starf unnið á sraðinu. Hann sagði að einnig væri verið að fara að starf með menningarsamning Suðurlands og þó slíkur samningur hefði ekki möguleika á að veita fjárstudning gæti hann þó nýst félaginu. Hráð varðar kostnaðarliði vildi hann fremur að nýtt væri sú aðstæða sem fyrir er í héraðinu m.a. nýjan ráðstefnusal í Gunnarsholti og á Leirubakka. Hann varaði félagið við að færost of mikilf í fang og binda ekki um of í fasteignum, byrja fremur smátt og hafa möguleika á sraekkun.

- Fundarstjóri tók til máls og vill sem fyrst koma samstarfsaðilum saman. Hún dró ekki úr félaginu að hugsa stórt, taldi möguleika á að sækja um stofnstyrk til alþingis. Vildi sambætta sáfnadarheimili í Odda og Sæmundarstofu.
- Ólöf Kristófersdóttir var sammála Helga um gildi fornleifarannsóknna sem vitaminsprautu. Þratti til að skoðaðir yrðu möguleikar á jarfsjá til kortagerða og þess að vekja forvitni.

- Jesse Boyack fornleifaræðingur og prófessor við UCLA í Bandaríkjunum sem staddur var á fundinum kraf þáð et til vill óvist að reifa matti sig á jarfsjá í Odda sökum jarfræks í aldanna rás.

- Ólöf vildi einnig minna á mikilvægi þess að halda þeim gripum sem finnast við uppgröft áfram á sraðinu. Hún vildi einnig taka fram nauðsyn þess að hafa gott bókasafn í mögulegri Sæmundarstofu.

- Helgi sagði að fornleifakönnun sem gerð hefði verið í Odda væri lausleg, þetta þyrfti að skoða nánar og vinna ítarlegar.

- Jakobína var spurð um staðsetningu gömlu trabanna og lýsti þeim.

- Fundarstjóri lagði til að stjórnin talaði við Kristínu Huld Sigurðardóttur forstöðumann Fornleifarærendar ríkisins, sreiðarstjóra söknarnefnd Oddakirkju og menningarfulltrúa.

- Freysteinn tók undir nauðsyn þess að taka saman hráð vitad er um Odda. Fara í fornleifakönnun, mögulega vedur- og gróðurfarlsjóingu og kortagerð þannig yrði eitthráð sýnilegt sett fram.

H. • Umráðan um önnur mál tengdist áfram umráðum um uppbyggingu í Odda.

Varpaði formaður fram spurningu til Jóns Hilmars Alfreðssonar, sem nýlega gekk í félagið, um starfsemi félagsins. Taldi Jón að um jákrafu og spennandi.

starfsemi vari að ræða.

- Jón Þórðurson hafði fyrir fundinn samband við Friðrik Pálsson sem rekur ferðapjónustu og hótél á svæðinu. Friðrik var tilbúinn að vera félaginu innan handar með ráðleggingar
- Örn sagði Friðrik formann vaxtarsamnings Sudurlands og félagið ætli ekki að hika við að leita á hans fund
- Iris Björk bar fundinum krefju frá Sreini Runólfssyni og Bjarna Harðarsyni alþingismanni sem ekki komust á fundinn. Í framhaldi af því flutt formaður einnig krefju frá Jóni Einari Jakobssyni.
- Guðbjörg Arnardóttir sóknarprestur í Ódda tók undir öll göf orð fundarins, hlakkaði til samstarfs og taldi bjart yfir uppbyggingu staðarins.
- Formaður þakkaði Drifu góða fundarstjórn og sóknarpresti gestrisni sem og Héraðsnefnd fyrir veitingarnar. Hahn þakkaði göf orð fundargesta og óskaði þeim góðrar heimferðar. Með þeim orðum var fundi slitið kl. 18.

Guðbjörg Arnardóttir, ritari.